

## **Nd. 41. Tillaga til þingsályktunar**

um úthlutun gjaldeyrisleyfa.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórn að breyta reglugerðar-ákvæðum þeim og starfsreglum, sem sett hafa verið í sambandi við núgildandi gjaldeyrislög, þannig, að gjaldeyrisleyfum til verzlunarinnar verði úthlutað beint til smásala (neytendafélaga og smákaupmanna), en ekki til heildsala. Ennfremur að framleiðendur, er þurfa að kaupa inn erlendar vörur til rekstrar síns, svo sem útvegsmenn, iðnaðarmenn, iðnrekendur o. fl., fái, ef þeir óska þess, gjaldeyrisleyfi fyrir þeim sjálfum sér til handa eða samtökum þeirra.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Því verður ekki neitað, að núverandi úthlutun gjaldeyrisleyfanna stuðlar að aukinni dýrtíð í landinu. Veldur þar einkum sú regla að veita heildsölum mjög mikinn hluta leyfanna og gefa þeim þannig einokunaraðstöðu gagnvart smákaupmönnum og neytendum. Það myndi því vera hægt að breyta nokkru um til batnaðar, með því að skapa heilbrigða samkeppni á jafnréttisgrundvelli milli neytendafélaga og smákaupmanna, þannig að háðir þessir aðilar fengju gjaldeyrisleyfin beint til sín. Væri þá afnumin sú óeðlilega einokunaraðstaða, sem heildsalar nú hafa, og þeir knúðir til að keppa um að útvega vöruna sem ódýrast, í stað þess að nú geta þeir skammtað verðið.

Samskonar regla myndi og vera heilbrigðust gagnvart innlendum framleiðendum, þannig að þeir fengju sjálfir gjaldeyrisleyfi fyrir olíu, salti, kolum, hráefnum til iðnaðar o. s. frv., og hefðu þannig rétt og möguleika til að kaupa þessar vörur inn sjálfir eða gegnum samtök sín. Myndi með þessu móti þungum skatti hringa og heildsala létt af innlendu framleiðslunni.

Nánar í framsögu.